

Þriðjudaginn 24. maí 2022 var haldinn rafrænn fundur siðanefndar.

Fyrir var tekið mál nr. 33/2020

HRFÍ kt 680481-0249

gegn

X

## I. Málsmeðferð Siðanefndar

Í erindi kæranda, HRFÍ, sem barst siðanefnd 28. maí 2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða, X, hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ og reglur um skráningu í ættbók með því að para tókurnar A og B þrátt fyrir að vera útilokuð frá starfi félagsins ásamt því að veita rangar upplýsingar um fæðingardag við ættbókaskráningu gotanna. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 25. júní 2020 og gefinn 4 vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærðu.

14. júlí 2020 var hvolpakaupendum viðkomandi gota sent bréf þar sem óskað var eftir upplýsingum um kaup og afhendingu hvolpsins, einnig fundaði siðanefnd með C og D, hvolpakaupendum kærðu.

Boðað var til sáttarfundar 24. maí 2022 á skrifstofu HRFÍ. Kærða, X, mætti ekki til sáttarfundar því lítur siðanefnd svo á að ekki sé grundvöllur fyrir sáttum. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

## II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi, HRFÍ, telur að með þörun hafi kærða brotið reglur um skráningu í ættbók HRFÍ. Skrifstofu barst athugasemd um að hvolpur undan A, sem átti að hafa fæðst 24. mars 2020 hafi verið afhentur í byrjun maí en miðað við uppgefinn fæðingardag hefði afhending í fyrsta lagi mátt eiga sér stað þann 19. maí 2020.

Skrifstofa leitaði frekari upplýsinga til dýraspítalans sem á um að örmerkja og bólusetja hvolpana sem tjáði skrifstofu að skráður fæðingardagur væri samkvæmt uppgefnum upplýsingum ræktenda en að hvolparnir hafi þó þótt heldur stórir við fyrstu skoðun. Enn frekar kemur í ljós að einn hvolpur hafi mætt í skoðun um miðjan maí og uppgefinn fæðingardagur hans var 17. febrúar 2020.

Skrifstofa sendir öllum hvolpakaupendum bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um aldur og afhendingu hvolpa úr fyrrnefndum gotum. Við bréfi sem skrifstofa HRFÍ sendi í júlí 2020 bárust keimlík svör frá flestum hvolpakaupendum sem sögðu hvolpana hafa verið afhenta í lok maí 2020 og í viðhengi var kaupsamningur sem sagði fæðingardag

hvolpanna vera 24. og 26. mars 2020. Þann 13. ágúst 2020 barst svar frá E, eiganda hvolpsins F sem var afhent 8. apríl 2020, þar sem hún er sögð fædd í febrúar 2020 og að ekki sé búið að undirrita kaupsamning.

15. september 2021 berst siðanefnd póstur frá framkvæmdarstjóra HRFÍ þar sem fram kemur að C, hvolpakaupandi X hafi átt fund með stjórn HRFÍ og segi farir sínar ekki sléttar af henni ásamt því að hann hafi tekið þátt í að staðfesta rangan fæðingardag hvolpanna.

22. febrúar 2022 fundar siðanefnd með C og D hvolpakaupendum. Þegar þau fóru að skoða hvolpana þann 13. mars 2020 segja þau að kærða hafi tjáð þeim að aðeins of stutt hefði verið á milli gota og því þyrfti að skrá fæðingardag hvolpanna aðeins seinna en raun var. Hvolparnir virtust vera 4-5 vikna gamlir, þeir voru farnir að labba, borða og bregða á leik.

Þegar þau fengu tíkina G afhenta 8. Apríl 2020 var hún hvorki örmerkt né bólusett og ekki var búið að undirrita kaupsamning. Þau segja kærðu ekki hafa gengið frá kaupsamningi fyrr en í ágúst 2020 þar sem kærða tjáir þeim að fæðingardagur þurfi að vera skráður 24. Mars 2020 í stað 7. Febrúar 2020 til þess að hvolparnir fengju ættbók.

### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ kemur fram í 2. Kafla 2mgr. að “Stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf. Vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn og ef því er að skipta, ákvæði varðandi vinnu- eða veiðipróf, sem í gildi eru fyrir það hundakyn sem hann ræktar.”

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ kemur fram í 3. Kafla 2mgr. að “Afhenda ættbók með seldum hundi eða staðfestingu á að búið sé að senda inn beiðni um ættbókarskráningu. Skal ættbókin þá afhendast kaupanda um leið og hún kemur frá HRFÍ. Ræktandi getur ekki krafist fullrar greiðslu fyrir hund fyrir en við afhendingu ættbókarskírteinis (staðfestingar) auk heilsufars- og bólusetningarvottorðs frá dýralækni.”

Samkvæmt reglum um skráningu í ættbók kemur fram í 2. Kafla 2mgr. að “Ræktandi sem nýtur ekki réttinda til skráningar gota eða hefur verið vísað úr félaginu tímabundið eða að fullu, fær ekki ættbókarskráningu á got þar sem pörun átti sér stað á viðurlagatíma. Got undan ræktunardýrum sem sættu ræktunarbanni við pörun, verða ekki skráð síðar í ættbók, jafnvel þótt ræktunarbanni verði aflétt.”

Samkvæmt reglum um skráningu í ættbók kemur fram í 7. Kafla 1mgr. að “Pörunarvottorð skal fylgja umsókn um skráningu hvolpa í ættbók HRFÍ. Pörunarvottorð skal undirritað að viðlögðum drengskap af eiganda undaneldishunds og tíkar sem staðfesting á að tiltekin pörun hafi átt sér stað á tilgreindum tíma. Undirskrift tíkareigandans er ennfremur staðfesting þess að á lóðartímabilinu hafi tíkin einungis verið pöruð við þann eina hund sem tilgreindur er í pörunarvottorði og að ræktandi hafi kynnt sér reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ.”

#### IV. Niðurstaða

Siðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að kærða, X, hafi gerst brotleg við reglur félagsins þar sem hún paraði tíkurnar A og B þrátt fyrir að vera útilokuð frá starfi félagsins. Enn frekar gerist hún brotleg við reglur um ættbókarskráningu þegar vísvitandi eru skráðir rangir fæðingardagar og vitlausar dagsetningar á pörunarvottorð til að sporna við því að í ljós komi að ræktandi hafi verið útilokaður frá störfum félagsins þegar pörun átti sér stað.

Þá lítur siðanefnd það einnig alvarlegum augum að hvolpakaupendur hafi ekki verið upplýstir um stöðu mála fyrir afhendingu og hvolparnir seldir undir þeim formerkjum að þeir verði ættbókafærðir. Enda á samkvæmt grundvallarreglum félagsmanna ekki að afhenda hvolpa nema með staðfestingu á að búið sé að sækja um ættbók en hvolpar voru komnir á ný heimili áður en gögn til ættbókarskráningar var skilað til skrifstofu.

Kærða á ítrekuð brot að baki og telur siðanefnd ákvörðun kærðu um að brjóta af sér í banni bera merki um að kærða virði úrskurði siðanefndar og reglur félagsins að vettugi.

Kærða hefur gerst brotleg við gr. 2,2 og 3,2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ ásamt því að gerast brotleg við gr. 2,2 og 7,1 í reglum um ættbókaskráningu og teljast brotið stórfellt.

Kærðu, X, er vísað úr HRFÍ í 10 ár.

Kærða, X, er útilokuð frá allri þátttöku í starfi HRFÍ í 10 ár.

Kærða, X, er svipt ræktunarnafni

Kærða, X, er útilokuð frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini frá HRFÍ í 10 ár.

f.h. siðanefndar

---

Arnheiður Runólfsdóttir

---

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

---

Svanhildur Skúladóttir